

Mál nr. 260/2014
M og
V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A.

Vistmaður á heilsustofnun rann í bleytu og slasaðist þ. 29.1.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-13
2. Bréf V dags. 9.9.2014, ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmanns M dags. 16.9.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var vistmaður á heilsustofnun og rann í bleytu á gólfi á gangi fyrir utan matsal stofnunarinnar. M krefsta bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir á því að A beri ríka ábyrgð á aðbúnaði og aðstæðum sem til staðar eru í húsnæði stofnunarinnar, en þessa hafi ekki verið gætt sem skyldi í umrætt sinn. Þá byggir M á því að tjón hans stafi af gáleysislegri hegðun starfsmanna sem iðulega gangi um þennan gang með matar- og drykkjarlát. Af hálfu M er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 385/2003 og Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1216/2012. V hafnar bótaskyldu og telur að slys M verði ekki rakið til mistaka eða vanrækslu A á þeim skyldum sem á honum hvíla. V telur ósannað að starfsfólk A hafi sulað vatni á gólf gangsins þar sem slysið varð og ekki sé venja að starfsfólk fari þarna um með vatn. Þá segir V að ekkert liggi fyrir um að starfsfólk V hafi haft vitneskju um bleytu á þessum stað áður en slysið gerðist og ekki verði annað ráðið en að pollurinn hafi verið lítill. V segir þá dóma sem M vísar til ekki hafa fordæmisgildi í málinu. V segir að slysið verði ekki rakið til vanrækslu A eða annarra sem A beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsfólk A hafi vitað af því að bleyta var á ganginum þar sem M datt fyrr en að slysið hafði orðið. Ekki hefur verið sýnt fram á að bleytan á gólfinu hafi stafað frá starfsfólki A eða að hún hafi verið til staðar vegna atvika sem A ber ábyrgð á. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að aðbúnaði á stofnun A hafi verið ábótavant eða önnur atvik verið til staðar sem leiði til skaðabótaábyrgðar A. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.